



Læsisstefna

Grunnskóla Reyðarfjarðar



*Hugrökku  er ekkert
ómögulegt*



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Lestrarkennsluaðferðir	4
Byrjendalæsi	4
Orð af orði	5
Samtengjandi aðferðir	5
Sundurgreinandi aðferðir	5
Hljóðlestur	5
Lesskilningsaðferðir	6
Hlustunarskilningur	6
Lestrarþjálfun	7
Lestrarþjálfun í skóla	7
Yndislestur	8
Lestraráttak	8
Framsögn	8
Lestrarvinur	9
Lestur kennara í nestistímum	9
Ritun	9
Lestrarþjálfun heima	9
Hugmyndir að lestrarþjálfun fyrir heimilin	10
Stuðningur og leiðsögn við lestur	10
Endurtekinn lestur með tímatöku	10
Samlestur	10
Paralestur	11
Bergmálslestur	11
Leiðbeinandi lestur og stuðningur	11
Að hlusta og lesa	11
Sumarlestur	11
Áhersluþættir, kennsluaðferðir	11
Próf og skimanir	14
Skimunarátætlun	15
Skilgreining á prófum og skimunum	16
Lesferill	16
Orðarún – lesskilningspróf	17
LOGOS-lesskimun	17

Læsi – lesskimun	18
Lesmál – mat á lestri og réttitun	18
Hljóðfærni	18
Aston Index – stafsetning	19
Námsmat í læsi	19
Sjónrænn orðaforði	19
Lesfimi	19
Lestrarnákvæmni	20
Lesskilningur	20
Orðleysulestur	20
Nefnuhraði	20

Inngangur

Læsisstefna Grunnskóla Reyðarfjarðar tekur mið af aðalnámskrá grunnskóla, þjóðarsáttmála um læsi, læsisáttmála heimilis og skóla og samning grunnskólanna á Austurlandi um bættan námsárangur. Hlutverk læsisstefnunnar er fyrst og fremst það að vera handbók fyrir kennara og gefa mynd af þeim kennsluaðferðum og skimunum sem notaðar eru til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

Lestur er lykill að öllu námi. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir: „Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar“

Markmið Grunnskóla Reyðarfjarðar er að nemendur hafi náð sínum hámarksárangri í lestrarfærni við lok grunnskóla. Öllum kennurum skólans er ætlað að stuðla að öfluglu læsi nemenda með kennsluháttum sínum í tengslum við allar námsgreinar. Þannig bera allir kennarar ábyrgð á framkvæmd læsisstefnunnar.

Lestrarkennsluaðferðir

Góð lestrarfærni er undirstaða alls náms. Kennsluaðferðir fyrir lestur eru fjölmargar og í Grunnskóla Reyðarfjarðar notum við Byrjendalæsi og Orð af orði til náms en þar að auki nýtum við fjölmargar leiðir sem ekki falla undir eina ákveðna aðferð.

Byrjendalæsi

Haustið 2014 hófst í Grunnskóla Reyðarfjarðar þróunarstarf í læsi sem kallast Byrjendalæsi. Byrjendalæsi hefur verið þróað á vegum Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Ráðgjafar frá HA sjá um innleiðingu og eftirfylgni Byrjendalæsisstefnunnar um land allt.

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð ætluð til læsiskennslu barna 1. og 2. bekk og í Grunnskóla Reyðarfjarðar hefur aðferðin einnig verið innleidd í 3. – 4. bekk. Samvirk kennsluaðferð tekur mið af bæði sundurgreinandi og samtengjandi aðferðum, þ.e. bæði eind og heild.

Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og því er lögð áhersla á samvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Við mótun aðferðarinnar var einkum horft til rannsókna þar sem kemur fram mikilvægi þess að kennsluaðferðir í læsi feli í sér nálgun sem ná til allra þátta móðurmálsins. Þannig er vinna

með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttitun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið.

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta. Í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphaflegs texta. Tæknileg vinna með letrið og hljóðin fer fram innan orðaforða textans á hverjum tíma. Þvert á þrepin þrjú á sér stað mikill lestur nemenda. Gengið er út frá því að lestrarkennslan í formi Byrjendalæsis fari fram að lágmarki í 90 mínútur á dag, fimm daga vikunnar.

Orð af orði

Haustið 2016 hófst í Grunnskóla Reyðarfjarðar innleiðing þróunarstarfs í læsi sem kallast Orð af orði. Höfundur og réttthafi aðferðarinnar er Guðmundur Engilbertsson, lektor við Háskólann á Akureyri auk þess sem aðferðin er unnin í samvinnu við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Orð af orði er hugmynda-, kennslu- og aðferðafræði sem hefur að markmiði að efla læsi og námsárangur grunnskólabarna á miðstigi og unglíngastigi. Lögð er áhersla á að efla málumhverfi, kenna markvisst aðferðir við að sundurgreina námsefni og orð, greina merkingu og inntak, tengsl við annað efni, kortleggja aðalatriði og endurbirta á fjölbreyttan og heildrænan hátt. Jafnframt er lögð áhersla á samvinnu nemenda sem og samræðu þeirra á milli.

Samtengjandi aðferðir

Hljóðaaðferð – Að þekkja hljóð stafanna og tengja saman.

Stöfunaraðferð – Að tengja stafina og mynda orð úr þeim.

Sundurgreinandi aðferðir

Orðaaðferð – Orð, orðmyndir og setningar lærðar og brotnar í smærri einingar.

LTG – (Läsning þa talets grund) – byggir á talmáli og hugtökum úr umhverfinu. Ákveðnir bókstafir eða orðmyndir kenndar.

Hljóðlestur

Nákvæmnislestur – Notaður þegar verið er að lesa/læra nýtt efni.

Yfirlitslestur (skimun) – Meginatriði í texta skimuð s.s. dagblöð, tímarit.

Leitarlestur (skönnun) – Lesandinn notar efnisyfirlit, formála og skrár til að ná upplýsingum úr texta.

Skimlestur – Leita að einstökum upplýsingum úr texta t.d. nafn í símaskrá.

Hraðlestur – Að lesa eins hratt og mögulegt er en ná jafnframt innihaldi textans.

Stiklutexti – Kaflaheiti, undirkaflar, atriðisorðaskrá, skáletur, feitletur. Lestur efnisgreinar s.s. upplýsingar á netinu.

Yndislestur – Nemandi velur sér bók sem hann les sér til skemmtunar.

Lesskilningsaðferðir

KVL – Kann – vil vita – hef lært - Þriggja þrepa aðferð: Það sem nemendur kunna, það sem nemendur vilja vita og það sem nemendur hafa lært.

Hugtakakort - Hugræn kortagerð er tækni sem felur í sér að skrá þekkingu á myndrænan og rökréttan hátt.

Gagnvirkur lestur – Felur í sér samantekt, spurt er spurninga úr texta, útskýringar á orðum og forspá.

SSLSR. Skoða – segja – lesa – spyrja – rifja upp – Fimm þrepa aðferð. Textinn er skoðaður, spurt er spurninga, textinn er lesinn, sagt frá innihaldi textans og að lokum er efnið rifjað upp.

Textatengsl – Við lestur tengja nemendur textann við sjálfan sig, reynslu sína, fyrri þekkingu og bakgrunn.

http://skolaust.is/index.php?option=com_content&task=view&id=62&Itemid=21

Hlustunarskilningur

Mikilvægt er að æfa hlustunarskilning, en nemendur taka samræmt hlustunarpróf í íslensku í 4. , 7. og 10. bekk og einnig í erlendum tungumálum.



Lestrarþjálfun

Foreldrar og nemendur eru boðaðir í viðtal hjá umsjónarkennara á haustin þar sem farið er yfir lestrarkennslu, áherslur og hlutverk skóla og heimilis í lestrarnámi barnanna. Eftirfarandi þættir eru hafðir að leiðarljósi:

Lestrarþjálfun	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. – 7. b.	8. – 10. b.
Byrjendalæsi	X	X	X	X		
Orð af orði					X	X
Þjálfun hljóðkerfisvitundar*	X	X	X	X		
Lestur fyrir nem. (skáldskapur og annað efni utan námsbóka, m.a. nestislestur)	X	X	X	X	X	X
Lestur fyrir nemendur úr námsefni	X	X	X	X	X	X
Raddlestur nemenda fyrir kennara, féлага eða lestrarvin	5x í viku	5x í viku	5x í viku	5x í viku	2x í viku	X
Lestur í námsbók		daglega	daglega	daglega	daglega	daglega
Lestur á vefsíðum	X	X	X	X	X	X
Yndislestur	daglega	daglega	daglega	daglega	daglega	daglega
Gagnvirkur lestur og paralestur	X	X	X	X	X	X
Þjálfun í framsögn	X	X	X	X	X	X
Lestrarsprettur	X	X	X	X	X	X
Heimalestur í lestrarbók	daglega	daglega	daglega	daglega	daglega	daglega
Heimalestur í námsbók					vikulega	vikulega

*Hljóðkerfisvitund er tilfinning og næmi einstaklings fyrir uppbyggingu tungumálsins; hvornig hægt er að greina talmál niður í smærri hljóðeiningar og hvornig vinna má með einingarnar á mismunandi vegu. Góð hljóðkerfisvitund felst í því að hafa góða tilfinningu fyrir öllum hljóðeiningum málsins, geta t.d. sleppt úr, bætt við og/eða skipt um hljóð eða hljóðeiningar í orðum (Cats og Kamhi, 2005; Muter, 2003; Chard & Dickson, 1999; Torgesen, 1996).

Lestrarþjálfun í skóla

Lestrarkennsla og lestrarþjálfun fer fram alla skólagöngu nemenda. Til að byrja með er áherslan lögð á að æfa lestrarfærnina þ.e. lært að lesa en þegar líður á skólagönguna er áherslan ekki síður að lesa til að læra. Markviss lestrarþjálfun fer fyrst og fremst fram í 1. – 7. bekk. Hins vegar lesa allir nemendur skólans daglega, ýmist raddlestur fyrir kennara, lestrarvin eða féлага og/eða hljóðlestur. Með aukinni færni fækkar þeim skiptum sem nemendur lesa upphátt og hljóðlestur tekur við. Til að fylgjast með árangri nemenda eru lagðar fyrir skimanir og kannanir og haldið utan um niðurstöður, þær bornar saman og unnin áætlun um framhaldið út frá niðurstöðum.

Lögð er áhersla á alla færniþætti læsis þ.e. færni í talmáli, lestri, hlustun og ritun. Lögð er áhersla á að nemendur skólans:

- Tileinki sér öflugan orðaforða og góðan skilning á orðum og hugtökum sem stuðlar jafnhliða að góðum talmáls- og lesskilningi
- nái góðum tókum á umskráningarfærni hvað varðar hraða, sjálfvirkni og lestrarlag
- öðlist færni í að tjá sig skýrt og greinilega á fjölbreyttan hátt bæði í talmáli og ritmáli

Góður lesskilningur þróast yfirleitt ekki af sjálfu sér. Því er mikilvægt að byrja að kenna fjölbreyttar lesskilningsaðferðir sem efla jafnt; orðaforða, málsskilning, ályktunarhæfni, nýtingu bakgrunnsþekkinga, námsvitund og aðrar þær aðferðir sem efla lesskilning frá upphafi grunnskóla. Áhersla verður á kennslu lesskilnings með mismunandi aðferðum og verður lögð sérstök áhersla á vönduð efnistösk, einfalda framsetningu og fjölbreytni.

Samhliða lestrarkennslu er nauðsynlegt að vekja áhuga nemenda fyrir lestri því skorti áhugann eru litlar líkur á að þeir hafi gagn af tilsögn við lestur. Ýmsir þættir hafa áhrif á áhuga nemenda á lestri en áhugasvið þeirra hefur þar mikil áhrif. Þess vegna er mikilvægt að kennarinn þekki vel sína nemendur og geti leiðbeint þeim með lesefni tengdu áhuga þeirra.

Yndislestur

Bóklestur er mikilvægur. Daglega er nemendum í 1. – 10. bekk gefinn tími til yndislestrar 10 – 20 mín. í senn þar sem nemendur lesa bók eða texta af eigin vali sér til ánægju. Mikilvægt er að kennarar gangi undan með góðu fordæmi og lesi sér til ánægju þegar tækifæri gefst í lesstundum nemenda. Einnig á kennari að hvetja til umræðna og gefa nemendum kost á að segja frá þeim bókum sem þeir hafa lesið. Samkvæmt bók Hafsteins Karlssonar, Að lesa og skrifa hefur frjáls lestur nemenda marga góða kosti:

1. Lestrarhæfni nemenda eykst.
2. Þeir bæta við orðaforða sinn.
3. Lesskilningur þeirra þroskast.
4. Þekking þeirra eykst.
5. Lestur veitir ómælda ánægju og gleði.

Lestrarátak

Á hverri önn er tekinn sérstakur lestrarsprettur hjá hverjum bekk þar sem markmiðið er að auka enn frekar hæfni nemenda í lestri. Á haustin er markmið lestrarsprettis að ná upp leshraða í byrjun skólaárs. Lestrarsprettir eru skipulagðir af umsjónarkennurum í samvinnu við starfsmann á bókasafni.

Framsögn

Nemendur 4. og 7. bekkjar taka þátt í æfingaferli Upplestrarkeppninnar sem hefur það að markmiði að þjálfra framsögn og áheyrilegan upplestur. Jafnframt leggja kennsluaðferðirnar Byrjendalæsi og Orð af orði áherslu á upplestur og framsögn.

Lestrarvinur

Félag eldri borgara á Reyðarfirði hefur lagt okkur lið undanfarin ár með þeim hætti að til okkar koma einstaklingar nokkrum sinnum í viku og hlusta á nemendur lesa. Í sumum tilvikum spyrja lestrarvinir nemendur einnig út úr efninu sem verið er að lesa og myndast þar ómetanleg brú milli kynslóða.

Lestur kennara í nestistímum

Komi hann því við les kennari les fyrir nemendur á meðan þeir borða nestið sitt. Þarna gefst kennurum tækifæri til að kynna fyrir nemendum höfundu eða bókmenntir sem þeir myndu annars ekki kynna. Þessi lestur vekur upp umræður í nemendahópnum og hvetur nemendur oft til að lesa meira um sama efni eða eftir sama höfund.

Ritun

Í hugtakinu læsi felst einkum tvennt, lestur og ritun. Í aðalnámskrá segir að „stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslegan texta og tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi.“ Lestur og ritun eru tengdir þættir, tvær hliðar á sama peningi. Hvort hefur gagn af öðru og því mikilvægt að kenna og þjálfastur og ritun samhliða. Því fjölbreyttari texta sem nemendur lesa því auðveldara eiga þeir með að skrifa slíka texta og öfugt.

Þjálfastur þarf nemendur markvisst í ritun alla skólagöngu þeirra. Í Byrjendalæsi og Orð af orði er áhersla lögð á að kenna og þjálfastur nemendur markvisst í þeirri fjölbreyttu færni sem ritun krefst. Það felur m.a. í sér að skoða markmið texta, ólíkar textagerðir, uppbyggingu texta, framsetningu, málsnið, orðaforða og réttiritun.

Lestrarþjálfun heima

Grunnurinn að góðri lestrarfærni er þjálfun og stöðug æfing og þó að börn lesi í skólanum þá er það ekki í þeim mæli að það dugi til að þau nái tilskildum árangri og hæfni. Þess vegna er heimalestur afar mikilvægur. Markmið með honum er að börn auki leshraða sinn, efli orðaforða, málskilning og lesskilning. Allir nemendur í 1. – 10. bekk eiga að lesa heima skv. fyrirmælum kennara um fjölda blaðsíðna eða mínútna. Heimalestur er einstaklingsmiðaður og í höndum umsjónarkennara/sérkennara að útfæra hann.

Almenna reglan er þó þessi:

- Allir nemendur eiga að lesa heima en nemendur í 1. – 4. bekk eiga að lesa heima fyrir foreldra sem skrá lestur og kvitta.

Kennarar útfæra skráningarkerfi fyrir heimalestur sem nemendur skila til kennara skv. fyrirfram kynntu fyrirkomulagi.

Sé heimalestri ekki sinnt fara eftirfarandi verkferlar í gang:

Grunnskóli Reyðarfjarðar



Verklagsreglur varðandi heimalestur nemenda í 7. - 10. bekk

Nemandi: _____ Bekkur: _____

Ef ekki er kvittað fyrir heimalestri er ferlið eftirfarandi:	Dags:
5. Kennari skalar kvittunarblað vikulega og sendir tölvupóst til foreldra/forráðamanna sé heimalestri ekki sinnt sem skyldi.	
6. Athugasemd skráð í Mentor ef tölvupóstur hefur ekki barið árangur.	
7. Kennari hringir heim.	
8. Foreldrar/forráðmenn boðaðir á fundi með kennara og skólástjórnendum ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur.	

Niðurstaða fundar:

Dags: _____

Umsjónarkennari Foreldri/forráðamaður

Hugrokkú er ekkert ómögulegt



Grunnskóli Reyðarfjarðar



Verklagsreglur varðandi heimalestur nemenda í 1. - 6. bekk

Nemandi: _____ Bekkur: _____

Ef ekki er kvittað fyrir heimalestri er ferlið eftirfarandi:	Dags:	Dags:	Dags:
1. Kennari sendir tölvupóst til foreldra/forráðamanna á öðrum degi og fylgir þeim tölvupósti eftir á þriðja eða fjórða degi.			
2. Athugasemd skráð í Mentor ef tölvupóstur hefur ekki barið árangur á fimmta degi.			
3. Kennari hringir heim á sjötta degi.			
4. Foreldrar/forráðmenn boðaðir á fundi með kennara og skólástjórnendum ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur.			

Niðurstaða fundar:

Dags: _____

Umsjónarkennari Foreldri/forráðamaður

Hugrokkú er ekkert ómögulegt



Hugmyndir að lestrarþjálfun fyrir heimilin

Stuðningur og leiðsögn við lestur

Lestrarstuðningur felst í því að hvetja nemendur, leiðrétta villur og gefa leiðbeiningar um hvernig á að lesa.

Endurtekinn lestur með tímatöku

Nemandinn les eina blaðsíðu þrisvar sinnum og foreldri/forráðamaður tekur tímann.

Nemandinn reynir að bæta sig í hvert sinn sem hann les. Endurtekning er mjög mikilvægur þáttur í lestrarþjálfun og þar sem nemendum finnst endurtekning oft ekki spennandi þá er þetta ágæt leið til þess að lífga upp á endurtekningalesturinn.

Samlestur

Nemandi og foreldri/forráðamaður lesa saman upphátt.

Paralestur

Nemandi og foreldri/forráðamaður skipta textanum á milli sín og lesa til skiptis (ein og ein setning eða efnisgrein).

Bergmálslestur

Foreldri/forráðamaður og barnið lesa upphátt til skiptis t.d. setningu eða efnisgrein.

Leiðbeinandi lestur og stuðningur

Foreldri/forráðamaður les afmarkaðan texta fyrir nemandann. Nemandinn æfir sig að lesa textann í hljóði eða lágt og reynir að líkja eftir lestrarlagi foreldris. Að lokum les nemandinn textann upphátt. Foreldri/forráðamaður leiðbeinir og leiðréttir ásamt því að hvetja nemandann áfram.

Að hlusta og lesa

Hlustun á hljóðbók/tölvu samhliða lestri er góð æfing í sjálfvirkum lestri. Margar bækur er hægt að nálgast sem hljóðbækur inni á <http://nams.is>. Námsgagnastofnun gefur hljóðbækurnar út og hægt er að hlusta á þær án endurgjalds.

Sumarlestur

Reynslan hefur kennt okkur að ef nemendur lesa lítið sem ekkert yfir sumartímamann tapast gjarnan niður sá árangur sem náðst hefur um veturinn. Þess vegna hvetjum við nemendur til sumarlesturs. Að vori fá nemendur ýmis verkefni sem geta stutt við lesturinn og hvatt þá til dáða. Einnig má sjá fjölbreytt verkefni á vefsíðu Skólaskrifstofu Austurlands:

http://skolaust.is/index.php?option=com_content&task=view&id=368&Itemid=43

Áhersluþættir, kennsluaðferðir

Lestrarkennsluaðferðir, lestrarþjálfun	1.-2. b.	3.-4. b.	5.-7.b.	8.-10.b
Þjálfun hljókerfisvitundar				
Unnið með þulur, vísur, söng og rím				
Stafainnlögn				
Hljóðaaðferð				
Sundurgreinandi aðferð				
Heildaraðferð, orðaaðferð				
Samvirk aðferð				
Kórlestur				
Upplestur fyrir kennara				
Lestrarþjálfun heima				
lestrarþjálfun í námsforritum				
Paralestur				

Samlestur í hópum				
Upplestur, framsögn				
Leiklestur, framsögn				
Leitarlestur				
Lestur myndrita, korta o.þ.h.				
Lestur ólíkra textagerða				
Framsagnarþjálfun				
Skimunarlestur, yfirlitslestur				
Frjáls lestur, í skóla og heima – Yndislestur				

Mat - lesskilningur, kennsluaðferðir og þjálfun	1.–2. b	3.– 4.b	5.–7. b	8.-10.b.
Kennari les upp gæðatexta (bókmenntir, fræðitexti), nem. hlusta og rætt er um efni hans				
Samlestur í hópum og umræður um textann				
Merkingar orða, leitað út frá samhengi í texta				
Kennd merking og notkun nýrra orða, orðasambanda og hugtaka				
Kennsla orðaforða í gegnum umræður og lestur fjölbreytts texta s.s. bókmennta, námsgreina, dagblaða og tímarita				
Kenndur lestur stærðfræðitákna og skilningur á þeim þjálfður				
Sjálfstæðivinna skv. skriflegum fyrirmælum				
Munnleg og skrifleg lesskilningsverkefni				
Munnleg og skrifleg úrvinnsla texta af ýmsu tagi				
Svara leitað í texta af ólíkra gerð				
Unnið að lausn orðadæma, gáta og þrauta				
Gagnvirkur lestur				
Unnið með vísur og ljóð				
Kennsla bókmenntahugtaka				
Myndræn útfærsla á lestexta				
Notkun orðabóka kennd				
Heimildaöflun, bæði úr bókum og af neti				
Notkun leitarsíða kennd og þjálfun í gagnrýnni notkun á upplýsingum á neti				
Glósuvinna nemenda, útskýring orða og hugtaka				
Útdrættir úr texta				
Munnlegar frásagnir og endursagnir				

Kynningar nemenda á lesefni, munnlega, veggspjöld, glærुकynningar				
Hópumræður, málfundir, bekkjarfundir, þjálfun í rökstuðningi				
Leikræn tjáning				

Ritun, skrift, kennsluaðferðir og þjálfun	1.-2. b.	3.-4. b.	5.-7.b.	8.-10.b
Rétt grip um skriffæri þjálfað				
Stafdráttur kenndur, ítölsk skrift				
Skriftaræfingar				
Orðhlutaaðferð				
Uppbygging setninga kennd				
Greinamerkjasetning				
Málfræði- og stafsetningarkennsla				
Ýmis ritunarverkefni unnin				
Fingrasetning á lyklaborð æfð				
Kennt á ritvinnsluforrit				
Ritun í heimavinnu				
Myndasögur út frá texta				
Ljóðagerð				
Hugarkort				
Kennd uppbygging sögu – upphafi – miðja – endir				
Ritunarrámmar nýttir og kennd notkun þeirra				
Mismunandi textaskrif kennd: Smásögur, ævintýri, ljóð, blaðagreinar, leikrit, samtöl				
Frjáls textaskrif				
Bókmenntaritgerðir				
Heimildaritgerðir, tengdar námsgreinum				
Útdrættir				
Endursagnir				
Röksemdafærsluritun				
Stílfærsluritgerð (nemendur setji sig inn í mismunandi aðstæður)				
Gagnrýni				

Próf og skimanir

Tilgangur skimana er tvíþættur, annars vegar að fá upplýsingar um stöðu nemenda og hins vegar að veita þjónustu sem er í samræmi við þær upplýsingar sem skimunin gefur. Fyrirlögn skimana er tilgangslaus nema niðurstöður séu notaðar markvisst til að bæta kennslu og efla þannig nemandann. Það er á ábyrgð umsjónar- og faggreinakennara að mæta þörfum nemenda og leita aðstoðar stoðþjónustu ef þörf er á.

Samkvæmt yfirliti eiga skimanir og lesfimiþróf að fara fram innan ákveðins tíma. Mikilvægt er að skila niðurstöðum prófa og skimana til foreldra eins fljótt og kostur er og setja niðurstöður upp á myndrænan hátt.



Skimunaráætlun

Skimun í Grunnskóla Reyðarfjarðar 2022 - 2023

Bekkur	haustönn	miðönn	vorönn
1.	Lesferill - lesfimi í sept. lesskimun í okt. Læsi, lestrarskimun, 1. - 11. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar Læsi, lestrarskimun, 1. - 10. feb.	Lesferill, lesfimi - maí
2.	Lesferill, lesfimi september Læsi, lestrarskimun, 1. - 11. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Lesmál, mat á lestri og réttitun, 3. - 7. apríl
3.	Lesferill, lesfimi - september Talnalykill, - 8. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar Logos, 18. - 20. jan.	Lesferill, lesfimi - maí
4.	Lesferill, lesfimi - september Logos, 12.-14. sept. (þeir sem ekki ná viðmiði 2) Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 7. okt	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 5. maí
5.	Lesferill, lesfimi - september Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 7. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 5. maí
6.	Lesferill, lesfimi - september Logos og Talnalykill 13. - 14. og 17. - 18. okt. Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 7. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 5. maí
7.	Lesferill, lesfimi - september Logos, 12.-14. sept. (þeir sem ekki ná viðmiði 2) Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 7. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 5. maí
8.	Lesferill, lesfimi - september Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 7. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 5. maí
9.	Lesferill, lesfimi - september Logos, 12.-14. sept. (þeir sem þurfa á að halda)	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí
10.	Lesferill, lesfimi - september	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí

Skilgreining á prófum og skimunum

Lesferill

Lesferill er heiti á nýju matstæki sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga stofnunarinnar. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis, s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Ætlunin er að Lesferill spanni tímabilið frá þriggja til sextán ára aldurs. Hafist var handa við að vinna þessi próf í október 2015 og ætlunin er að prófin verði öll tilbúin til notkunar haustið 2020. Ýmist er um stöðupróf eða skimanir að ræða. Niðurstöður prófanna eru skráðar í gagnagrunn Menntamálastofnunar en grunnurinn veitir upplýsingar um stöðu nemenda miðað við aðra jafnaldra.

Lesferill, lesskimun fyrir 1. bekk er stöðluð skimun fyrir börn við upphaf skólagöngu til að kanna stöðu þeirra í læsi og forsendur til lestrarnáms. Skimunin kannar stöðu málþroska, hljóðkerfisvitundar og stafabekkingu nemenda og veitir þannig upplýsingar sem eiga að nýtast við skipulagningu lestrarkennslu. Lesferill, lesskimun fyrir 1. bekk er aðeins fyrsta skrefið í heildstæðri aðferð sem leitast við að mæta fjölbreytilegum þörfum nemenda við upphaf skólagöngu og er megininntak aðferðarinnar snemmtæk íhlutun við lestrarkennslu. Í handbók er að finna viðamikinn verkefnabanka en verkefnabankinn var útfærður af hópi skólafólks úr öllum grunnskólum Reykjanesbæjar og Grunnskólanum í Sandgerði fyrir nokkrum árum. Verkefnabankinn er tilbúinn til notkunar og geta kennarar fundið verkefnið í Byrjendalæsiskompu. Í framhaldi af lesskimuninni eru lögð fyrir próf sem greina getu nemenda í lesfimi.

Lesferill, lesfimiþróf er tilbúið til notkunar fyrir alla bekki. Menntamálastofnun áformar að gefa út hliðarþróf sem verða tekin í notkun um leið og þau verða tilbúin. Um er að ræða svonefnd hliðarþróf, sem meta þætti sem allir tengjast eða hafa áhrif á lestrartæknina. Hliðarþrófin eru próf í sjónrænum orðaforða, próf í orðleysulestri og nefnuhraðapróf. Þessi próf verða öll stöðupróf þar sem staða nemandans er metin miðað við jafnaldra á landsvísu. Prófin taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og fylgja þeim áherslum sem þar eru lagðar.

Lesfimiþróf mæla tvo þætti, lesfimi eða hraða og nákvæmni. Niðurstöðum er skilað í orðum á mínútum. Hafa ber í huga að viðmiðin ganga út frá því að ekki sé um lestrarvanda s.s. dyslexíu að ræða. Ekki er þar með sagt að nemendur með lestrarvanda geti ekki náð viðmiðum en persónulegar framfarir hvers og eins eru mikilvægasti mælikvarði þó viðmiðin séu jafnframt höfð í huga.

Maíviðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Orðarún – lesskilningsþróf

Orðarún er staðlað lesskilningsþróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Það er gefið út af Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri árið 2011. Tvö þróf eru fyrir hvern árgang. Hvert þróf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Þrófspurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni: að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar, að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta, að átta sig á meginefni texta og að útskýra orð og orðasambönd. Niðurstöður í 5. og 8. bekk eru sendar til kennsluráðgjafa Skólaskrifstofu Austurlands sem fylgjast með þróun lesskilnings innan veggja skólans og bera saman niðurstöðu þrófanna við niðurstöðu annarra skóla á Austurlandi.

LOGOS-lesskimun

Logos er tölvuþróf, staðlað og staðfært á Íslandi í samstarfi við lestrarsérfræðinginn þrófessor Torleiv Høien frá Noregi. Logos-lesskimun er gerð að frumkvæði Skólaskrifstofu Austurlands og er tilgangur skimunarinnar sá að kanna stöðu barna í 3., 6. og 9. bekk

varðandi leshraða og lesskilning og eins að finna nemendur sem eru í áhættuhópi vegna lestrarerfiðleika. Þar sem skimunin er lögð fyrir í öllum skólum sveitarfélagsins fást samanburðarhæfar tölur sem veita okkur einnig upplýsingar um stöðu okkar skóla í samanburði við aðra skóla sveitarfélagsins. Eftir skimun í bekkjunum getur verið nauðsynlegt að leggja alla þætti Logos prófsins fyrir þá einstaklinga sem koma illa út úr skimuninni. Í þeim tilvikum er beiðni send í samráði við foreldra til Skólaskrifstofu Austurlands og leggja kennsluráðgjafar prófið fyrir eða sérkennari skólans. Fyrsti hluti prófsins er ætlaður nemendum í 3. – 5. bekk. Sá hluti er í 17 prófþáttum og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og kennslufræðileg úrræði hvað varðar lestrarnám barna. Annar hluti prófsins er ætlaður nemendum í 6. – 10. bekk og fullorðnum. Sá hluti er í 14 prófþáttum sem greina leshraða, lesskilning, hlustunarskilning, umkóðun og aðra lestrartengda færni. Flestir prófþættir eru metnir með tilliti til áreiðanleika og viðbragðsflýttis. Prófin eru stöðluð út frá aldurssvarandi viðmiðum.

Læsi – lesskimun

Læsi er lesskimun og er þýtt og staðfært af Guðmundi B. Kristmundssyni og Þóru Kristinsdóttur úr norsku og kom út árið 2000. Um er að ræða þrjú skimunarpróf sem eru lögð fyrir nemendur í 1. bekk og tvö í 2. bekk. Niðurstöður Læsis hafa einkum verið notaðar til að kanna stöðu nemenda með hliðsjón af almennu gengi í læsinnámi. Niðurstöður prófanna eru sendar til Háskólans á Akureyri í úrvinnslu og einnig til Skólaskrifstofu Austurlands. Gerður er samanburður á niðurstöðum skóla innan sveitarfélagsins og meðaltali allra þeirra skóla á landsvísu sem taka þátt í þróunarverkefninu um Byrjendalæsi.

Lesmál – mat á lestri og réttitun

Lesmál er staðlað próf fyrir 2. bekk grunnskóla. Það metur umskráningu, hraðlestur, lesskilning og réttitun. Prófið er unnið í samvinnu við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Niðurstöður prófanna eru sendar til Háskólans á Akureyri í úrvinnslu og einnig til Skólaskrifstofu Austurlands. Gerður er samanburður á niðurstöðum skóla innan sveitarfélagsins og meðaltali allra þeirra skóla á landsvísu sem taka þátt í þróunarverkefninu um Byrjendalæsi.

Hljóðfærni

Hljóðfærni er greiningarpróf sem ætlað er nemendum í 1. bekk grunnskóla sem teljast í áhættuhópi vegna lestrarerfiðleika. Um er að ræða einstaklingspróf sem hefur það að markmiði að greina nánar hljóðkerfisvanda nemenda og bera saman við jafnaldra. Prófið er ítarlegt og tekur á mörgum þáttum hljóðkerfisvitundar, þar á meðal eru mörg verkefni sem greina hljóðavitund. Í framhaldi af fyrirlögn Lesferils, skimunarprófs fyrir 1. bekk, sem lagt er fyrir í byrjun október getur verið nauðsynlegt að leggja Hljóðfærni fyrir einstaklinga sem sýna veikleika í hljóðkerfisvitund og er það gert svo fljótt sem auðið er.

Aston Index – stafsetning

Prófið er ætlað nemendum á aldrinum 7-12 ára og er lagt fyrir í febrúar. Niðurstaða prófsins gefur til kynna hvernig nemendum gengur í ritun orða og hvort um veikleika í stafsetningu er að ræða.

Námsmat í læsi

Stefna Grunnskóla Reyðarfjarðar er að nota staðlað námsmat eins og hægt er og upplýsa foreldra jafnt og þétt um stöðu barna þeirra á hverjum tíma í samhengi við lestrarferil þeirra. Eftirfarandi þættir eru metnir með skipulögðum hætti:

Námsmat	1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7.b.	8.b.	9.b.	10.b
Stafaþekking										
Hljóðkerfis- og hljóðavitund										
Málskilningur og orðaforði										
Sjónrænn orðaforði										
Orðleysa (bullorð)										
Nefnuhraði										
Lesfimi (hraðlestur)										
Lesskilningur										
Stafsetning										
Ástundun og yndislestur										

Sjónrænn orðaforði

Nemendum er kennt að lesa með því að læra hljóð stafanna og að tengja þau saman, það er kallað umskráning. Smátt og smátt læra nemendur að þekkja orð og orðhluta í sjón án þess að beita umskráningu og er góður sjónrænn orðaforði m.a. forsenda góðrar lesfimi. Þrátt fyrir góðan sjónrænan orðaforða er umskráningarhæfni áfram mikilvæg þar sem lesmálið verður flóknara eftir því sem nemendur eldast og þá þurfa þeir gjarnan að beita umskráningu til að lesa orð sem eru þeim óþekkt, þetta gildir einnig um lestur á öðrum tungumálum. Matið fer þannig fram að nemandi les lista af stökum, ótengdum orðum og hefur til þess mínútu.

Lesfimi

Góð lesfimi er þegar lesari nær sjálfvirkum fyrirhafnarlausum lestri sem er lesinn með réttu hljómfalli. Lesfimin er mikilvæg og getur góð lesfimi stutt við lesskilning en að sama skapi getur slök lesfimi hindrað lesskilning. Nemandi með slaka lesfimi les hægt með erfiðleikum, stoppar gjarnan og hljóðar sig í gegnum orð, les orð rangt og notar rangt hljómfall svo tengingar textans verða rangar, svona lestur gerir lesskilning mjög erfiðan. Matið fer þannig fram að nemandi les samfelldan texta upphátt í tvær mínútur, kennari fær niðurstöður með

því að draga frá rangt lesin orð og deila því næst með tveimur til að fá fjölda rétt lesinna orða á mínútu.

Lestrarnákvæmni

Lestrarnákvæmni er hlutfall orða sem eru rétt lesin í lesfimitextanum. Kennari dregur fjölda rangt lesinna orða frá heild lesinna orða og fær út hlutfall í prósentum. Ef miðað er við stig Powells (Lipson og Wixson. 1991) ætti sjálfstæður lesari að geta lesið með yfir 96% nákvæmni.

Lesskilningur

Góður lesskilningur er flókið fyrirbæri og byggir á mörgum þáttum svo sem lesfimi, málþroska og ályktunarhæfni. Nemandi þarf að átta sig bæði á styttri einingum texta og heild hans. Hann þarf að geta dregið ályktanir út frá mismunandi hlutum textans og notað bæði vísbendingar úr textanum og eigin þekkingu til að átta sig á innihaldinu í heild.

Lesskilningsskimunin Orðarún fer þannig fram að nemendur lesa í hljóði tvo texta og svara krossaspurningum úr þeim. Unnið er með einn texta í einu og fá nemendur seinni textann ekki fyrir en þeir hafa lokið við þann fyrri. Gert er ráð fyrir að þetta taki um 40 mínútur en nemendur fá þann tíma sem þeir þurfa. Hver og einn texti hefur verið staðlaður og því eru viðmið sem liggja að baki umsögn ekki alltaf eins.

Orðleysulestur

Nemendur lesa orðleysulista, þ.e. bullorð en það er eitt besta mælitækið til að meta færni nemenda í umskráningu.

Nefnuhraði

Nefnuhraði er tíminn sem það tekur einstakling að nefna röð mynda, stafa, talna eða annarra tákna eins hratt og hann getur. Að hafa góðan nefnuhraða og góða hljóðkerfisúrvinnslu hjálpar nemendum að þróa góða umskráningarhæfni með leiðsögn kennara og foreldra. Þetta tengist því hvers vegna sumir nemendur læra að lesa mjög auðveldlega á meðan aðrir eiga í meiri vandræðum. Erfiðleikar við að nefna hluti geta gert nemendum erfitt með að læra ný orð sem getur hindrað uppbyggingu orðaforða sem er nauðsynlegur fyrir lesskilning.